

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 23. nóvember 2017
Mnr. 2017100070



ÍSAFJARÐARBÆR

Staða Dægradvalar

Staða í húsnæðismálum Dægradvalar var til umfjöllunar á fundi bæjarráðs 31. október s.l. þar sem lögð var fram greinagerð sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs um stöðuna. Bæjarráð bókaði eftirfarandi „*Bæjarráð felur sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs að skoða betur mögulegar lausnir á húsnæðisvanda Dægradvalar.*“ Á fundinum koma fram ósk um að sett yrði upp sviðsmynd þar sem skoðað yrði hvaða áhrif það hefði á skólasamfélagið í heild ef íbúum fjölgaði.

Sviðsstjóri skoðaði betur mögulegar lausnir á húsnæðisvanda Dægradvalar og var minnisblað sviðsstjóra, dagsett 10. nóvember, lagt fram til kynningar í bæjarráði 13. nóvember s.l. Í minnisblaðinu kemur fram að mögulegt er að nýta bæði félagsmiðstöð og Dægradvöl fyrir Dægradvöl og að nýta húsnæði í Grunnskólanum á Ísafirði að hluta. Ljóst er að þá yrði að skipta starfsstöðinni og starfsmannahópnum í tvenn sem að öllum líkindum hefði í för með sér meiri mannafla. Báðir þessir möguleikar hafa verið ræddir við stjórnendur þeirra stofnanna sem við á og eru allir mjög viljugir til að leysa þetta mál. Við nánari skoðun á félagsmiðstöðinni er ljóst að sá kostur er ekki góður vegna mikillar hávaðamengunar frá íþróttasal.

Í minnisblaðinu var einnig gerð grein fyrir sviðsmynd ef íbúum fjölgar. Sé gert ráð fyrir fjölgun íbúa um 1% á ári verður íbúafjöldinn orðinn rúmlega 2900 eftir fimm ár og eftir 11 ár verður íbúafjöldinn orðinn 3100. Gera má ráð fyrir að hærra hlutfall barna verði í Dægradvöl á næstu árum en þau viðmið sem við gefum okkur hér þar sem samfélagið er að breytast mikið. Hlutfall leikskólabarna (1 árs og eldri) af íbúafjölda í dag er 8% og hlutfall grunnskólabarna er 13% af íbúafjöldanum. Gera má ráð fyrir að nemendur á yngsta stigi séu um 40% allra grunnskólabarna. Miðað er hér við að 80% barna í 1.-4. bekk nýti sér Dægradvöl. Við vitum þó að á næstu árum verða yngstu árgangarnir fjölmennari en þeir eldri.

Íbúafjöldi samtals	2900	3100	3300	3500	4000	4500
Leikskólabörn hlutfall af íbúum	232	248	264	280	320	360
Grunnskólabörn hlutfall af íbúum	377	403	429	455	520	585
Hugsanlegur fjöldi í Dægradvöl	121	129	137	146	166	187

Dægradvöl er lengd viðvera að loknum skóladegi yngstu nemenda grunnskólanna. Í lögum um grunnskóla nr. 2008/91 kemur fram í grein 33. a um frístundaheimili að: „**Öllum börnum í yngri árgöngum** grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila.

Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins. Grein þessi kom inn í lögin árið 2016 en ekki er í skýringum skilgreint hvað átt sé við með yngri árgöngum.

Við höfum skilgreint yngstu nemendurna sem nemendur 1.-2. bekkjar á meðan langflest sveitarfélög hafa skilgreint þau sem nemendur 1.-4. bekkjar. Þannig hafa nemendur í 1.-2. bekk fengið pláss í Dægradvöl og nemendur 3. bekkjar ef pláss er.

Miðað við könnun sem gerð var meðal foreldra barna í 1.-4. bekk er áhugi á úrræðum fyrir einhver börn í 3.-4. bekk einnig. Í því húsnæði sem starfsemin er í dag hefur verið erfitt að koma til móts við börn með frávik, þar er ekki gert ráð fyrir rýmum til að fara afsíðis með einn eða fleiri einstaklinga. Börnum með einhverfu hefur fjölgað verulega síðustu ár og eiga þau sérstaklega erfitt með að vera í þessum opnu rýmum sem eru í núverandi húsnæði.

Staðan

Í dag er staðan sú að það húsnæði sem hýsir starfsemina, á 2. hæð Austurvegar 9, er ætluð fyrir 50 börn. Þar eru í dag 70 börn á skrá þó ekki séu öll börn alla daga og alltaf eru einhver börn í íþrótta- eða listtímum. Dægradvöl hefur auk þess fengið inni í félagsmiðstöðinni fyrir einn hóp og þar eru 10-12 börn, með þessu móti verðu starfið látið ganga upp í vetur. Sá árgangur sem kemur inn í skólann haustið 2018 telur 50 börn og því verða 100 börn bara í 1.-2. bekk.

Hugmyndir að lausn

Mikilvægt er að þegar horft er til framtíðar verði hugað að húsnæði fyrir starfsemi Dægradvalar sem geti rúmað allt að 150 börn.

Tillaga 1

Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs hefur, ásamt umsjónarmanni Dægradvalar og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, skoðað möguleika á að bæta við rýmið að Austurvegi 9, Sundhöll Ísafjarðar, en efsta hæðin í húsinu er ekki nýtt í dag. Þar væri hægt að koma fyrir starfi fyrir meira en 150 börn. Ástand húsnæðisins er nánast eins og á fokheldu húsnæði og þarf að leggja í töluverðar endurbætur á það sem kostað gætu um 200 m.kr. Þar er aðallega um að ræða burðavirki í þaki, aðgengismál og brunavarnir.

Starfsmaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar hefur gert grófa kostnaðaráætlun sem miðar við fermetrakostnað við gerð leikskóladeildarinnar Tanga.

<i>Hönnun og eftirlit</i>	<i>15.000.000</i>
<i>Burðarvirki / þak</i>	<i>45.000.000</i>
<i>Lagnir</i>	<i>12.000.000</i>
<i>Rafmagn</i>	<i>12.000.000</i>
<i>Frágangur innanhúss</i>	<i>70.000.000</i>
<i>Frágangur utanhúss</i>	<i>9.000.000</i>
<i>Loftræsting</i>	<i>9.000.000</i>
<i>Ófyrirséður kostnaður 15%</i>	<i>25.800.000</i>

Sviðsstjóri hefur einnig rætt þessi mál við skólastjóra GÍ sem sér tækifæri í að nýta húsnæðið að einhverju leyti á skólatíma fyrir nemendur með frávík . Ekki er hefð fyrir tómsundastarfi, á vegum sveitarfélagsins, fyrir nemendur á miðstigi en það er trúlega það sem koma mun í framtíðinni. Rýmið á Austurvegi 9 er það mikið að gera mætti ráð fyrir einhverjum smiðjum fyrir nemendur á miðstigi.

Tillaga 2

Dægradvöl nýti það húsnæði sem nú þegar er til staðar fyrir einn árgang og einn árgangur verði með aðstöðu í Grunnskólanum á Ísafirði. Um er að ræða rými í GÍ sem er illa nýtt í dag syðst í nýbyggingunni. Gera þarf breytingar svo hægt sé að nýta það fyrir Dægradvöl en þær breytingar myndu nýtast GÍ verði fjölgun í skólanum og annað framtíðarhúsnæði fyrir Dægradvölinu. Setja þarf upp milligólf, veggir og hurðar auk þess sem kaupa þyrfti inn einhvern búnað. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að næsta haust getum við tekið við öllum nemendum í 1.-2. bekk sem óska eftir plássi og hugsanlega einhverjum úr 3. bekk.

Starfsmaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar hefur gert grófa kostnaðaráætlun vegna þessara breytinga.

<i>Hönnun</i>	2.500.000
<i>Verja gólf/veggi</i>	350.000
<i>Léttir veggir</i>	1.600.000
<i>Innihurðir</i>	150.000
<i>Milligólf</i>	6.120.000
<i>Burðarvirki</i>	4.000.000
<i>Raflagnir</i>	2.500.000
<i>Kerfisloft</i>	1.800.000
<i>Sprinklerkerfi (ef þarf)</i>	2.000.000
<i>Málun</i>	900.000
<i>Ófyrirséð 20%</i>	4.384.000
<i>Samtals</i>	26.3004.000

Tillaga 3

Dægradvöl nýti það húsnæði sem nú þegar er til staðar fyrir einn árgang og einn árgangur verði með aðstöðu í Grunnskólanum á Ísafirði. Um er að ræða rými í GÍ sem er illa nýtt í dag syðst í nýbyggingunni. Gera þarf breytingar svo hægt sé að nýta það fyrir Dægradvöl. Um er að ræða tvo veggir og hurðar auk þess sem kaupa þyrfti einhvern búnað. Þessi tillaga gerir ráð fyrir að næsta haust getum við tekið við öllum nemendum í 1.-2. bekk sem óska eftir plássi.

Starfsmaður tæknideildar Ísafjarðarbæjar hefur gert grófa kostnaðaráætlun vegna þessara breytinga.

<i>Léttir veggir</i>	500.000
<i>Innihurðir</i>	700.000
<i>Málun</i>	240.000
<i>Ófyrirséð 15%</i>	216.000
<i>Samtals</i>	1.656.000

Tillaga 4

Engar breytingar verði gerðar og Dægradvöl áfram í því húsnæði þar sem hún er í dag. Kostnaður við breytingar er enginn. Tillagan gerir ráð fyrir að næsta haust getum við tekið við öllum börnum í 1. bekk sem þess óska og örfáum börnum í 2. bekk.

Sviðsstjóri hefur ekki kannað húsnæði sem sveitarfélagið á ekki en hefur komið upp í umræðunni.

MH